Dalabyggð

Auðarskóli

Ábyrgð - Ánægja - Árangur



STARFSÁÆTLUN AUÐARSKÓLA

2026-2027

Inngangur 3
Hagnýtar upplýsingar um skólann 3
Fjöldi barna við skólann 3
Stjórnskipulag og starfsmenn 4
Trúnaðarmenn 5
Starfsþróunaráætlun Auðarskóla 6
Skólaráð 6
Skóladagatöl 7
Stundatöflur nemenda 7
Grunnskólinn - Starfsáætlun 8
SKÓLAREGLUR 9
Valgreinar 9
Helstu viðburðir skólaársins og vettvangsferðir 10
STARFSÁÆTLUN NEMENDA 13
Nemendafélagið 14
SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA 15
Stoðþjónusta 16
Lausnaleit vegna nemenda 16
Nemendarverndarráð 16
SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA við börn 17
Sálfræðiþjónusta 17
Talmeinafræðingur 18
Greiningar á námsörðugleikum 18
Lausnaleit 18
MAT Á SKÓLASTARFI OG SKÓLAÞRÓUN 19
Gæðaráð/skólaráð 19
Öryggismál og heilsa 20
Heilsugæsla 20
Tryggingar nemenda 21
Hjólreiðar og önnur farartæki 21
Slys 21
Lyfjagjafir 21
Lús 21
Njálgur 22
Foreldrasamstarf 22
Miðlun upplýsinga til foreldra 23
Foreldrafundir og Foreldrasamtöl 23
Foreldrafélagið 23
Kátidalur Frístund 24

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR 25
Óskilamunir 25
Myndbirtingar 25
Mötuneyti 25
Skólaakstur 25
Veikindi og leyfi nemenda 25
Námsbækur og námsgögn 26
Gæsla 26
Frímínútur 26
Tölvupóstur 27
Facebook og aðrir samskiptamiðlar 27
Heimsókn foreldra/forráðamanna í skólastofur 27
STEFNUR OG ÁÆTLANIR 27
STARFSÁÆTLUN Tónlistardeildar Auðarskóla 28
Áherslur 2026-2027 28
Skóladagatal tónlistarskólans 28
Meginmarkmið 28
Námsfyrirkomulag 29
Verklagsreglur 29

Inngangur

Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori. Í árlegri starfsáætlun er, m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, skólaþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfsfólk skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólaráð til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Skrifstofa skólans er staðsett í grunnskólanum, neðri hluta.
Skrifstofan er opin á skólatíma:
Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8-15:30
Föstudaga frá kl. 8-12.10

Aðalsímanúmer Auðarskóla er: 430-4757 (skiptiborð)
Netfang skrifstofu er: ritari@audarskoli.is

Önnur símanúmer:
- Aðstoðarleikskólastjóri: 430 4711
- Tröllaklettur: 430 4712
- Dvergahlíð: 430 4713
- Mötuneyti: 430 4710

Skólaritari svarar í skólasímann, tölvupóstum til skólans og kemur fjarvistartilkynningum til kennara. Ritari skólans er Málfríður Mjöll Finnsdóttir.

Netföng starfsmanna er að finna á vef skólans: https://audarskoli.is/um-skolann/starfsfolk/

Heimasíða skólans er: http://www.audarskoli.is

Netfang skólans er: audarskoli@audarskoli.is og ritari@audarskoli.is

Á heimasíðu er að finna helstu upplýsingar um starf skólans. Fréttir, viðburðir og annað sem kemur skólasamfélaginu við. Skólanámsskrá og námsvísir eru aðgengileg á heimasíðu. Allt er viðkemur námi barna, námsáætlanir og þess háttar má finna á infomentor.is


Umsjónarmenn heimasíðu eru skólastjóri, deildarstjóri grunnskólans, aðstoðarleikskólastjóri og skólaritari.

Fjöldi barna við skólann

Á skólaárinu verða 90 börn í Auðarskóla og skiptist það í 67 nemendur í grunnskóla og 23 börn í leikskóla. Svona lítur skiptingin út í upphafi skólaárs 2026.

Fjöldi nemenda - fjöldi í hópum		Kennslu-hópar	Stigskipting
Grunnskóli	Alls 67		
1. bekkur	6	11	Yngsta stig 1.-4. bekkur 19
2. bekkkur	5		
3. bekkur	5	8	
4. bekkur	3		
5. bekkur	8	12	Miðstig 5.-7. bekkur 22
6. bekkur	4		
7. bekkur	10	10	
8. bekkur	11	11	Elsta stig 8.-10. bekkur 25
9. bekkur	10	16	
10. bekkur	5		

Stjórnskipulag og starfsmenn



Katrín Kristjánsdóttir	Skólastjóri
Kristín Kristjánsdóttir	Aðstoðarleikskólastjóri
Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir	Deildarstjóri grunnskóla

Upplýsingar um nöfn kennara og starfsfólks og netföng þeirra eru aðgengileg á heimasíðu skólans hér.

Trúnaðarmenn

Hlutverk trúnaðarmanns er að vera tengiliður milli stéttarfélags og vinnustaðar. Hann er talsmaður stéttafélagins á vinnustaðnum og fylgist með því að kjarasamningum sé framfylgt. Starfsmenn geta leitað til trúnaðarmanns með umkvörtunarefni og hann er tengiliður við atvinnuveitanda í þannig málum. Það er einnig hlutverk trúnaðarmanns að kynna nýjum starfsmönnum þeirra réttindi, starfskjör og starfsemi stéttarfélagsins.

Trúnaðarmaður kennara hjá KÍ er kosinn til tveggja ára í senn. Ragnheiður Helga Bæringsdóttir og Jóhanna Lind Brynjólfsdóttir voru kosnar á starfsmannafundi í ágúst 2025 og eru því að fara á sitt annað ár. Kjósa þarf næst í ágúst 2027.

Trúnaðarmaður starfsmanna hjá Kili fyrir skólaárið er: Atli Freyr Guðmundsson

Starfsþróunaráætlun Auðarskóla

Starfsþróunarstefnu skólans má sjá í heild sinni á heimasíðu skólans. Starfsþróunaráætlunin er gerð til tveggja ára í senn. Starfsþróun kennara má skipta í tvo megin þætti. Annarsvegar þá sem falla beint að stefnu skólans og sveitarfélagsins og hins vegar persónulega starfsþróun hvers og eins.

Áhersluþættir skólaársins í ár eru:

- Námsmat og gerð námsmatsstefnu
- Endurskoðun á námsáætlunum í samræmi við endurskoðuð hæfniviðmið aðalnámskrár.
- Þróun kennsluhátta með áherslu á leiðsagnarnám.

Á heimasíðunni eru upplýsingar um markmið, hlutverk og mismunandi form símenntunar. Í vetur þarf að endurskoða texta um starfsþróunaráætlun en hún virðist hafa verið síðast endurskoðuð 2022.

Skólaráð

Í Auðarskóla er sameiginlegt skólaráð fyrir leik- og grunnskóla þar sem um samrekinn skóla er að ræða (lög nr. 91/2008, 45. gr.). Lögum skv. skal starfa skólaráð í grunnskóla (lög nr. 91/2008, 8. gr.)

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, fulltrúa nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs fyrir lok septembermánaðar. Kosningum skal haga á eftirfarandi hátt:

A. Tveir fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi,
B. Einn fulltrúi annars starfsfólks skal kosinn á starfsmannafundi þess,
C. Tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags, sbr. 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Einn úr leikskólanum og einn úr grunnskólanum.
D. Fulltrúi (einn eða fleiri) nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags, sbr. 10. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.
E. Skólaráð skal sjálft velja einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varamenn geta tekið sæti í skólaráði á einstökum fundum í forföllum aðalmanns. Varamaður tekur fast sæti við varanleg forföll eða missi kjörgengis aðalmanns, nema nýr sé kjörinn eða valinn í hans stað. Á aðalfundi foreldrafélagsins sem halda skal fyrir 15. apríl ár hvert skal kjósa fulltrúa í skólaráð fyrir næsta skólaár sbr. 7. gr. reglna foreldrafélags Auðarskóla, sjá reglur foreldrafélags **hér.**

Nánar er fjallað um hlutverk ráðsins í reglugerð 1157/2008 og þar segir að skólaráð:

- Fjallar um skólanámskrá skólans, starfsáætlun, rekstaráætlun og fleiri áætlanir sem lúta að starfsemi skólans.
- Einnig að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda.
- Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin.
- Tekur þátt í öðrum verkefnum á vegnum skólanefndar að fengnu samþykki sveitastjórnar.

Skólaráð fundar þrisvar sinnum á ári, í nóvember, mars og maí. Oftar ef þurfa þykir.

Upplýsingar um störf skólaráðs Auðarskóla ásamt fundargerðum má finna **hér.**

Skólaráð Auðarskóla 2026-2027

Katrín Kristjánsdóttir skólastjóri
Aðalheiður Rós Unnsteinsdóttir, fulltrúi nemenda (10.bekk)
Þórir Fannar Unnsteinsson, fulltrúi nemenda (9.bekk)
Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi kennara, ritari- Var kosin inn í september 2025
Jóhanna Lind Brynjólfsdóttir, fulltrúi kennara í leikskóla - Var kosin inn í september 2025
Íris Dröfn Brynjólfsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna – Var kosin inn í september 2025
Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna - Var kosin í apríl 2025
Dagný Mikaelsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna- Var kosin
Sara Kristinsdóttir, fulltrúi kennara í grunnskóla – Var kosin inn í september 2026
Guðrún Erna Magnúsdóttir, fulltrúi nærsamfélags – Var kosin inn í febrúar 2025

Skóladagatöl

Skóladagatal skólans er árlega útfært samkvæmt lögum og koma að þeirri vinnu stjórnendur, starfsfólk skólans, fræðslunefnd og skólaráð. Að auki er samstarf milli Auðarskóla, grunnskóla Borgarfjarðar, grunnskóla Borgarness, Reykhólaskóla og Heiðarskóla varðandi sameiginlega viðburði og Smiðjuhelgar. Skóladagatalið er vistað á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólans, sjá hér.

Samkvæmt skóladagatali eru kennsludagar grunnskólanemenda í Auðarskóla eru 180. Dagar þar sem verulega er brugðið frá lengd skóladags grunnskólans skólaárið eru 2026- 2027 eru alls 9. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir foreldrasamtalsdagar, árshátíðardagur, bekkjarkvöld á yngsta stigi og kaffihúsakvöldið, skólaslitadagur, skíðaferðir, og vorferðalög yngsta, mið- og elsta stigs.

Kennsla fellur niður í jólaleyfi grunnskólanemenda sem er frá 18. desember til og með 5. janúar. Önnur leyfi grunnskólabarna eru; vetrarfrí á haustönn frá 29. og 30. október, vetrarfrí á vorönn 15. og 16. Febrúar. Páskaleyfi er frá og með 22. mars til og með 29. mars

Skipulagsdagar (starfsdagar) grunnskólans á starfstíma eru fimm; 14. október, 4. janúar, 3. febrúar, 13. apríl og 26. maí.

Vorhátíð og skólaslit grunnskólabarna eru 3. júní 2027.

Leikskólinn starfar allt árið um kring að undanskildum fimm vikna sumarfrísdögum. Önnur frí falla undir lögbundna frídaga. Leikskólinn opnar 6. ágúst eftir sumarfrí og síðasti opnunardagur á skólaárinu er 30. júní 2027.

Skipulagsdagar leikskólans á skólaárinu eru sex; 5. ágúst, 24. ágúst, 15. október, 27. janúar, 13. apríl, 31. maí. Leikskólinn er lokaður á lögbundnum frídögum. Leikskólinn lokar kl. 12:00 á Þorláksmessu og er lokaður milli jóla- og nýárs. Lokaður 24. mars, daginn fyrir skírdag.

Tónlistarskólinn starfar á skólatíma grunnskólans.

Stundatöflur nemenda

- Stundatöflur nemenda eru birtar á Mentor og heimasíðu skólans hér
- Námsvísir og kennsluáætlanir eru hér

Grunnskólinn - Starfsáætlun

ÁHERSLUR Í Grunnskólastarfinu 2026-2027

Áherslur skólaársins verður námsmat og skráning í námsumsjónarkerfið Mentor. Áhersla verður einnig lögð á grunnfærni nemenda í helstu fögum. Við ætlum að lesa meira og skrifa meira.

Í skólanum er áhersla lögð á einstaklingsmiðun í kennslu og námi nemenda. Kennslan miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Kennslan hjálpar nemendum að tileinka sér þekkingu, skilning og færni á tilteknum sviðum. Í skólastarfinu er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennsluaðferðir og vinnubrögð taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda. Ýtt er undir vaxtarhugarfar í námi hvers og eins nemenda. Nemendur meta einnig eigin frammistöðu í frammistöðumati tvisvar á ári. Nemendur kynnast jafningjamati og nota það við mat á vinnu sinni og samnemenda sinna.

Í Auðarskóla starfa nemendur og starfsfólk saman undir einkunnarorðunum ábyrgð, ánægja, árangur. Skólastarfið byggir á þessum orðum sem fela í sér sjálfstæði, að standa með sjálfum sér og sinni vegferð og lífsleikni í sínum víða skilningi. Í Auðarskóla á öllum að líða vel og velferð nemenda og starfsfólks er ávallt höfð í fyrirrúmi sem endurspeglast í góðum starfsanda í öllu skólastarfinu.

Auðarskóli er eins og aðrir skólar á Íslandi í dag, eitt stórt lærdómssamfélag þar sem rík áhersla er lögð á símenntun starfsfólks og um leið aukna fagmennsku og framsækið skólastarf sem er í sífelldri þróun. Þróunarverkefni af ýmsu tagi eru stór þáttur í innra starfi skólans, jafnt hjá starfsfólki og nemendum.

Áherslur skólaársins verður áfram innleiðingarvinna á leiðsagnarnámi og kennslu. Á síðasta skólaári var lögð áhersla á og áfram haldið að innleiða og þróa:

- Skýr námsmarkmið
- Upphaf og endir kennslustunda
- Námsveggir
- Endurgjöf
- Sérstök áhersla vetrarins verði á samvinnu við samfélagið.

Áfram er einnig lögð áhersla á vaxtarhugarfar, markmiðasetningu nemenda og samþættingu námsgreina með þjálfun nemenda í lykilhæfni aðalnámskrár í forgrunni.

Í Auðarskóla er reynt að samþætta námsgreinar eins og kostur er- þegar það hentar nemendum og skólastarfinu. Við nýtum fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir til að mæta betur þörfum hvers og eins nemanda. Einnig er lögð mikil áhersla á tjáningu, framkomu og framsögn sem getur aukið sjálfstraust, öryggi og styrkir sjálfsmynd nemenda. Viðburðir eins og kaffihúsakvöld, árshátíð, bekkjarkvöld og foreldraviðburðir efla þessa færni til muna hjá nemendum. Þessir viðburðir eru hluti af ríkum hefðum sem móta skólastarfið í Auðarskóla. Markmið hefðanna er meðal annars að skapa skólanum sérstöðu,

viðhalda siðum, efla samskipti nemenda og samkennd, sjálfstraust þeirra og virðingu hver fyrir öðrum. Samfélagið allt, fyrirtæki og stofnanir hér í Dalabyggð sýna skólastarfinu velvilja og styðja við viðburði sem skólinn stendur fyrir.

SKÓLAREGLUR

Skólareglur Auðarskóla eru unnar í samræmi við lög um grunnskóla (nr. 91/2008, 30. grein) og reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þar er kveðið á um að grunnskólar skuli setja skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum þar sem úrræði og viðbrögð taki mið af persónuþroska og hæfni nemenda og stuðli sem best að æskilegri hegðun.

Skólareglurnar voru uppfærðar í október 2025 og tóku strax gildi. Sjá á heimasíðu Auðarskóla.

Bekkjarsáttmálar

Eitt af haustverkunum í öllum bekkjum er að vinna bekkjarsáttmála. Sáttmálinn á að snúast um framkomu og samskipti. Þá á hver og einn að hugsa um hvernig framkomu á að sýna öðrum í bekknum, hvernig viljum við láta koma fram við okkur, hvernig er góður bekkjarandi? Lífsgildin eru höfð að leiðarljósi og bekkurinn kemst að sameiginlegri niðurstöðu um mikilvægustu lífsgildi bekkjarins. Þegar lífsgildin eru orðin ljós hefst vinna að útfærslu bekkjarsáttmálans.

Bekkjarsáttmála má sjá nánar **hér.**

Símafrí

Auðarskóli er símalaus skóli. Nemendur nota ekki síma eða önnur skjátæki í eigin eigu á skólatíma. Tæki eiga að vera geymd heima, hjá ritara eða umsjónarkennara. Sjá nánar hér. Verði starfsmenn varir við að nemendur eru að fara í tækin sín eiga þeir að skipta sér af og minna á reglurnar.

Valgreinar

Val í námi er hluti af skólastefnu hvers sveitarfélags og skóla. Við ákvörðun um framboð og fjölbreytni valgreina er mikilvægt að taka mið af staðháttum, menningu og sögu nærsamfélagsins.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi.
Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum og skal slíkt koma fram í árlegri starfsáætlun.

Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa. Val í námi skal miða að skipulegum undirbúningi fyrir nám í framhaldsskóla og taka mið af undirbúningi fyrir bóknám, starfsmenntun, verknám og list- og tækninám. Í þessu skyni gefst nemendum kostur á að dýpka þekkingu sína á þeim námssviðum eða innan lögboðinna námsgreina.

Smiðjuhelgarnar sem eru haldnar tvisvar sinnum á skólaári í samvinnu við aðra skóla á Vesturlandi hafa gert okkur kleift að bjóða upp á mun fleiri greinar en við gætum annars boðið upp á. Smiðjuhelgarnar er hluti af skólastarfinu og auka mjög fjölbreytni námsvals nemenda. Stundatafla unglinganna er einni kennslustund styttri en lögboðið er og bætir smiðjuhelgin þeim þann tíma upp.

Alltaf er leitað eftir hugmyndum að smiðjum til nemenda og oft hefur fengist fólk úr nærumhverfinu til að vera með smiðjur. Nemendur velja sig inn í ákveðnar smiðjur og vinna í þeim undir leiðsögn kennara. Vinna nemenda er metin til einkunnar. Skyldumæting er á smiðjuhelgar.

Smiðjuhelgar skólaárið 2026-2027 er 16.- 17. október og 16.- 17. apríl.

Eftir standa fjórar kennslustundir á viku sem fer í valgreinar á unglingastigi. Á þriðjudögum eru tveir valtímar þar og reynt að bjóða uppá fjölbreyttara val sé þess kostur. Í þessum tímum er valið í boði fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Á þessu skólaári verður boðið uppá

- Heimilisfræði
- Tónlist/samspil
- Hönnun
- Myndmennt
- Íþróttir
- Tækni

Skólaárinu er skipt upp í sex lotur og því hafa nemendur tækifæri til að prufa allar stöðvar á skólaárinu eða velja alltaf það sama sé það í áhugasviði viðkomandi. Ekki verður hægt að koma því við hér að allir geti alltaf fengið sitt fyrsta val. Í ár verða 47 nemendur í 5.-10. bekk í vali A og mismunandi eftir valgreinum hve margir komast að í hverja stöð.

Úthlutunarreglur: Nemendur fylla út valblað á fyrsta kennsludegi þar sem þau tilgreina sitt val í lotum 1 og 2. Setja eitt í fyrsta val og annað í annað val. Þetta gera nemendum þrisvar sinnum yfir skólaárið svo kennarar geta raðað niður nemendum í valgreinar. Ef færri en 4 velja eina stöð dettur hún niður og starfsmaðurinn sem annars ætti að vera með stöðina verður til aðstoðar á einhverri stöð sem margir nemendur eru á. Yngri nemendur hafa forgang fram yfir eldri.

Á fimmtudögum er val B í því verður í boði

- Tækni
- Textílmennt
- Líkamsrækt
- Tónlist.

Sama fyrirkomulag og í vali A að skólaárinu er skipt upp í sex lotur og því hafa nemendur tækifæri til að prufa allar stöðvar á skólaárinu eða velja alltaf það sama sé það í áhugasviði viðkomandi. Ekki verður hægt að koma því við hér að allir geti alltaf fengið sitt fyrsta val og ef fáir velja ákveðna stöð getur hún dottið út í þeirri lotu.

Námsmat skal vera í formi reglulegrar endurgjafar og eftir hverja lotu fá nemendur námsmat á sín valverkefni. Halda skal utan um námsmatið og verkefnin í mentor. Hver kennari býr því til verkefni og skráir á sína nemendur. Sameiginleg lota verður stofnuð á mentor og verkefnin birtast þar undir. Mikilvægt er að skrá námsmat strax í lok hverrar lotu.

Á valstöðvum er mikið lagt upp úr sjálfsstæðum vinnubrögðum, lykilhæfni er metin til námsmats

Helstu viðburðir skólaársins og vettvangsferðir

Skólinn hefur þá stefnu að hafa útivist og vettvangsferðir sem hluta af námi nemenda. Í þessum ferðalögum/námsferðum gilda skólareglur og ber nemendum að fara eftir fyrirmælum fararstjóra í hvívetna. Farið er bæði í stuttar og langar ferðir yfir starfsárið, gönguferðir í nágrenni skólans, ferðir innan héraðs með skólabíl og að vori er gjarnan farið í nokkuð lengri ferðir. Á skólaárinu er stefnt að því að fara í fjöruferðir, í náttúruskoðun, safnaferðir, skíðaferð, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir.

Skólabúðir 7. og 9. bekkja

Nemendur 7. bekkjar fara í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði frá mánudegi til fimmtudags. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogahæfni og sjálfsmynd sína og vinna með styrkleika sína. Nemendur 9. bekkjar fara í skólabúðir í Vindáshlíð í heila kennsluviku. Þar er lögð er áhersla á hópefli og lífsleikni.

Upplestrarkeppni

Upplestrarkeppni 7. bekkjar fer fram eftir áramót í tengslum við *Stóru upplestrarkeppnina* sem er haldin á landsvísu. Sigurvegarar hennar taka þátt í Vesturlandskeppni *Stóru upplestrarkeppninnar.* Tveir fulltrúar skólans og einn til vara.

Smiðjuhelgar

Sem hluti af vali eru nemendur 8.–10. bekkja með skerta stundatöflu. Til þess að uppfylla kröfur um 37 stunda tíma viðmið hefur verið farin sú leið að vera með svokallaðar smiðjuhelgar tvisvar sinnum á vetri. Skipuleggjendur *Smiðjuhelga* er í höndum stjórnenda og starfsmanna Grunnskóla Borgarfjarðar. Fyrri helgin er í október að Kleppjárnsreykjum og seinni í apríl á Varmalandi. Nemendur 8.–10. bekkja fara eftir skóla að lokinni kennslu á föstudegi, vinna í smiðjum frá kl. 14.30–18.00, fá kvöldmat og gista í skólanum. Á laugardegi er unnið frá kl. 9.00–14.00. Nemendur fara á milli með rútu fram og til baka. Undanfarna vetur hafa nemendur frá Grunnskóla Borgarfjarðar, Reykhólaskóla og Auðarskóla komið og tekið þátt í smiðjuhelgi. Dagskrá smiðjuhelga getur verið fjölbreytt á milli ára og geta nemendur haft áhrif á framboð valgreina. Dagskrá er send út með tveggja vikna fyrirvara. Skyldumæting er á Smiðjuhelgar.

Miðstigsleikar

Í samvinnu við samstarfskólanna okkar eru miðstigsleikar haldnir á hverju hausti í Borgarnesi og Auðarskóli hefur tekið þátt þar á hverju ári. Þar spreyta nemendur sig á ýmsum greinum frjálsra íþrótta sem og keppni er haldin í fótbolta. Miðstigsleikar fara fram á haustdögum í Borgarnesi.

Kaffihúsakvöld

Kaffihúsakvöld er fastur liður í starfi Auðarskóla. Kaffihúsakvöldið er skemmtikvöld, haldið í Dalabúð, og stendur yfir í um 2 klst. Það hefst kl. 17 þann 18. nóvember og stendur því til kl. 19.

Umsjónarkennarar mið- og elsta stigs hafa yfirumsjón með skipulaginu og þeir verkstýra nemendum á undirbúningstíma. Nemendur í 5.-10. bekk sjá um skipulagningu, dagskrá og skemmtiatriði, miðasölu, bera fram veitingar, útbúa auglýsingar, safna happdrættismiðum, standa í miðasölu og annað sem

gera þarf fyrir viðburðinn. Gestir fá veitingar á viðburðinum sem eru kakó og kökur og sjá nemendur um þjóna til borðs.

Atriði á skemmtidagskrá geta verið: Leikir, stutt leikrit, brandarar, töfrabrögð, tónlistaratriði og fleira sem nemendum dettur í hug sem góð skemmtun fyrir alla.

Seinni hluti kaffihúsakvöldsins er happdrætti. Nemendur safna happdrættisvinningum vikurnar á undan, sjá um að vinningar berist í hús, útbúa happdrættismiða og selja þá.

Nemendur fá mismunandi hlutverk í undirbúningi kaffihúsakvöldsins. Hægt er að velja um ýmis hlutverk/verkefni og sumir velja að vera í fleira en einu hlutverki:

- Að útbúa og stýra skemmtiatriði
- Að safna happdrættisvinningum
- Að vera kynnar
- Selja inn
- Að stýra öllum tækniatriðum, ljósum og hljóði
- Að þjóna í sal
- Að útbúa sviðsmyndir og sinna sviðsvinnu á viðburði

Viðburður er ávallt vel sóttur og allur ágóði fer í ferðasjóð nemenda.

Danskennsla.

Danskennari er Jón Pétur Úlfljótsson og hann kennir öllum nemendum grunnskólans og börnum á eldri deild leikskólans. Kenndur er dans í sjö kennsludaga og endað á danssýningu á sjöunda deginum. Danskennsla fer fram í Dalabúð og dansýningin verður haldin þar líka.
Á danssýningardegi fá nemendur í grunnskólanum auka snarl í kringum 11 leytið og skólabílar aka heim kl. 13:00 að lokinni sýningu.

Skíðaferðir

Farið verður í skíðaferðir með alla nemendur. 1.-4. bekkur fer í dagsferð á gönguskíði á svæði Skíðafélags Strandamanna í Selárdal á Ströndum og mið- og elsta stig fer í tveggja nátta ferð á Tindastól ef verður leyfir.

Árshátíð

Árshátíð grunnskólans er einnig fastur liður á vorönn. Þá skipuleggur hvert stig eða námshópur 15-20 mínútna leikþátt með aðstoð kennara og sýnir á sviði í Dalabúð. Árshátíðin er liður í fjáröflun fyrir nemendafélag skólans og vorferðir nemenda því er tekið lítið gjald af gestum sem koma og horfa á sýninguna. Árshátíð er veigamikill þáttur í námi og er skilgreind sem námslota. Allir nemendur fá hlutverk og sinna mismunandi þáttum í ferlinu. Vinna nemenda og virkni er metin til einkunna. Umsjónakennarar eiga að gera lotu á mentor og tengja þar inn lykilhæfni og önnur hæfniviðmið sem þau vilja meta með vinnu og framlagi nemenda. Nemendur eiga svo að fá námsmat við lok árshátíðar.

Litlu Jól

Litlu jólin eru haldin hátíðleg í Auðarskóla síðasta kennsludag fyrir jólafrí. Hver umsjónakennari undirbýr skemmtun með nemendum í stofu. Allir nemendur koma með eina gjöf í skólan og fá eina gjöf. Fyrirkomulag með pakkaskiptum er einnig í höndum umsjónakennara. Eftir stofujólin koma allir

nemendur í efri sal skólans þar sem gengið er í kringum jólatréð og sungið jólalög. Að lokum er farið yfir í Dalabúð og snæddur hátíðarmatur.

Vorferðalög

Skólinn fer í ferðir með öll stig grunnskólans að vori. Yngsta og miðstig fara í dagsferðir frá Auðarskóla og koma aftur heim seinnipart dags. Elsta stig fer í lengri ferð og gistir vanalega í eina nótt. Þegar elsta stig fer til Danmerkur(á þriggja ára fresti) fer elsta stig ekki í vorferðalag í maí. Nemendur elsta stigs safna sjálfir alfarið fyrir sínu vorferðalagi með ýmiskonar fjáröflunum og þurfa nemendur og foreldrar að vera virkir í þátttöku á þeim viðburðum sem nemendafélagið stendur fyrir.

STARFSÁÆTLUN NEMENDA

Fyrsti dagur skólaársins 2026-2027 er mánudagurinn 24. ágúst og skólaslit 3. júní 2026. Skóli hefst alla daga samkvæmt stundatöflu kl. 8.30 nema á skólasetningardegi.

Grunnskólinn opnar kl. 8.00 og kennsla hefst alla daga **kl. 8.30**. Ath! Breytingar hafa verið gerðar á stundatöflu og taka þær gildi á fyrsta skóladegi ársins. Breytingar varða tímasetningu matartíma og lengd frímínútna. Skóladegi nemenda lýkur á skólaárinu sem hér segir:

Skóladegi lýkur:

- Mánudaga kl. **14:10** fyrir alla nemendur
- Þriðjudaga til fimmtudaga lýkur skóla almennt kl**. 15:00,** en skóla lýkur almennt fyrr hjá yngri nemendum sem hafa færri kennslustundir á viku. Sjá nánar á stundatöflum bekkjanna.
- Föstudaga kl. **12:10** fyrir alla nemendur

Nemendur sem nýta skólabíla koma í skólann á bilinu 8.15 til 8.25 og fara heim þegar skóladegi lýkur.

Morgunmatur er framreiddur á sama tíma fyrir alla nemendur**: 9:50-10:10**

Hádegisverður er framreiddur á sama tíma fyrir alla nemendur: Milli kl. **12.10–12.50**

Frímínútur eru að öðru leyti **kl. 14.10–14.20**

Hver kennslustund er 40 mínútur.

Að skóladegi loknum geta foreldrar barna á yngsta stigi sótt um að börn þeirra nýti frístundina KÁTADAL. Kátidaldur er starfræktur í húsakynnum leikskólans frá kl. 14.10 til 16:30 á mánudögum, frá kl. 15.00 til 16.30 á þriðjudögum til fimmtudaga og frá kl. 12.10 til 14:00 á föstudögum.

Nemendur úr dreifbýli í tónlistanámi stunda tónlistarnám sitt á skólatíma, aðrir nemendur geta bæði verið á og utan skólatíma. Nemendur og foreldrar bera ábyrgð á því að vinna upp það nám sem fer á mis þegar nemandi þarf að fara úr kennslustund til að stunda tónlistanámið. Nám í tónlistaskólanum er valfrjálst og greitt er fyrir það skv gjaldskrá sem má finna á heimasíðu skólans.

Félagsstarf

Félagslífið skiptist í megindráttum í tvennt. Annars vegar er um að ræða félagslíf sem umsjónarkennarar skipuleggja og getur það verið bekkjarkvöld, árshátíð og námsvöku eldri nemenda. Hins vegar er það félagslífið sem nemendafélagið stendur fyrir undir stjórn umsjónarmanns skólans og eru það diskótek, fjáraflanir ýmiskonar, kynningar, kaffihúsakvöld og fl..

Hlutverk umsjónaraðila félagslífs

Umsjónarmaður félagslífsins heldur utan um starfsemi nemendafélagsins og á reglulega samskipti við umsjónarkennara um starfsemi félagsins. Hann vinnur undir stjórn skólastjóra. Umsjónarmaður fundar reglulega með stjórn félagsins og vinnur með þeim að uppákomum og skipulagi á félagslífi skólans. Hann hefur umsjón með dansleikjum, atburðum og einstaka ferðum á vegum skólans.

Helstu atburðir í félagslífi nemenda

►Safnanir fyrir ferðalög
►Viðburður fyrir miðstig
►Kaffihúsakvöld á aðventu í Dalabúð
►Lokaferðalag eldri nemenda (þriðja hvert ár er farið erlendis)
►Árshátíð
►Skólabúðir samstarfsskóla í 7. bekk á Reykjum
►Bekkjarkvöld
►Skólabúðir samstarfsskóla í 9. bekk á Laugarvatni
►Miðstigsleikar í Borgarnesi

Nemendafélagið

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal nemendafélag í grunnskólum m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er skipuð nemendum úr elstu bekkjum skólans. Nemendur ákveða sjálfir með hvaða hætti er skipað í stjórn og er það tilgreint í reglum félagsins sem má lesa hér.

Stjórn nemendafélagsins fyrir skólaárið 2026-2027

Aðalheiður Rós Unnsteinsdóttir 10. bekk Formaður

Róbert Orri Viðarsson 10. bekk

Þórir Fannar Unnsteinsson 9. bekk

Guðrún Birna Jóhannsdóttir 9. bekk

Guðmundur Ari Björgvinsson 8. bekk

Nadía Rós Arnarsdóttir 8. bekk

Varafulltrúar fyrir skólaárið verða

Lauga Björg Eggertsdóttir 10. bekk

Kristján Þorgils Sigurðsson 10. bekk

Orri Freyr Ármansson 9. bekk

Benedikt Ingi Viðarsson 9. bekk

Auður Einarsdóttir 8. bekk

Hulda Sofia 8. bekk

Umsjónarmenn félagslífsins unglinga eru: umsjónakennarar á elsta stigi í samvinnu við deildarstjóra

Nemendafélagið fundar að hausti á svokölluðum samráðsfundi allra nemendafélaga í samstarfsskólunum á Vesturlandi. Fundurinn fór síðast fram í Auðarskóla haustið 2025 og settu nemendur fram tillögur að bættri þátttöku á viðburðum á vegum nemendafélaganna. Fundurinn gekk vel og til stendur að halda þessu fyrirkomulagi áfram. Næsti fundur verður í Auðarskóla þann 4. nóvember. Það er mikilvægt fyrir þessa nemendur sem eru í forsvari fyrir sinn skóla að hittast og ræða um hvað er hægt að gera, það þarf ekki alltaf að gera eins og alltaf hefur verið gert.

Nemendafélagið fundar alla jafna á tveggja vikna fresti og oftar ef þurfa þykir. Deildarstjóri situr fundina með nemendafélaginu og heldur utan um skipulag fundanna. Ritari heldur hins vegar utan um fundagerðir.

SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Í Auðarskóla er markvisst samstarf á milli deilda. Leikskólinn og grunnskólinn eiga í nánu samstarfi allt skólaárið. Nemendur í elsta árgangi leikskólans og 1. bekkjar grunnskólans hittast í sameiginlegum kennslustundum, einu sinni í viku, allt skólaárið. Markmið samstarfs deildanna er að tryggja samfellu í námi nemenda og öruggan flutning nemenda milli skólastiga. Að hausti eru kennslustundir skipulagðar og er markmiðið m.a. að börnin kynnist umhverfi skólans og öðlist öryggi á nýjum vettvangi en einnig að börnin viðhaldi vinatengslum sem áður var til stofnað.
Einnig koma nemendur 7. bekkjar og lesa fyrir nemendur leikskólans í sérstökum stundum, einu sinni í viku hver nemandi, og hefjast þær stundir yfirleitt upp úr Degi íslenskrar tungu. Það er talið vera góður undirbúningur fyrir „Stóru upplestrarkeppnina“.
Nemendur leikskólans taka einnig þátt í danskennslunni sem er liður í starfi grunnskólans. Kennslan stendur yfir í sex daga samfellt, eina kennslustund á dag, sem endar með danssýningu á lokadegi.

Stoðþjónusta

VIÐ STARFSFÓLK

Dalabyggð er með samning við Ásgarð - íslensk skólaráðgjöf. Faglegur stuðningur ráðgjafa Ásgarðs við starfsfólk eftir áherslum í umbótaáætlun. Skólastjórnendur eru ávallt framkvæmdastjórar sinna stofnana og nýta sér eftir aðstæðum þá sérfræðiráðgjöf sem hentar best hverju sinni til að innleiða menntastefnu sveitarfélagsins.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF FYRIR NEMENDUR

Skólinn hefur í samráði við Ásgarð skólaráðgjöf fengið aðgang að náms- og starfsráðgjafa sem fundar með nemendum skólans og færir þeim ýmsa fræðslu sem þau eiga rétt á eins og kynningu á framhaldsnámi að loknum grunnskóla, eflingu námstækni og fleira. Þetta samstarf hófst á vorönn 2025 en verður skipulagt nánar og verður víðtækara næstu ár. Öll fræðsla og fundir fara fram á netinu. Stefnt er að því að allir nemendur á elsta stigi fái fræðslu og samtal við námsráðgjafa eða sambærilega ráðgjöf á haustönn og nemendur 10. bekkjar aftur samtal að vori þar sem farið verður betur yfir framhaldsskóla og umsóknir.

Lausnaleit vegna nemenda

Í Auðarskóla er eru haldnir lausnarleitarfundir á stigsfundum um málefni nemenda. Skipulagið miðar að árangursríku samráði þar sem fókusinn er færður frá nemandanum að ákveðnum áskorunum sem nemendur eru að glíma við Starfsfólks skólans hefur útbúið lausnabanka sem unnin eftir þeirra hugmyndum um lausnir sem þau nýta sér til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda sinna. Fyrir hvern námshóp er eitt lausnateymi. Á stigsfundumsitja að jafnaði umsjónarkennarar, faggreinakennarar, sérkennarar, stuðningsfulltrúar og stjórnandi.

1. Þegar lausnaleit er rædd er lögð áhersla á:
    - Félagslega stöðu nemenda og/eða líðan
    - Lestur og lesskilning eða annað tengt læsi
    - Skilningur á stærðfræði s.s. talnaskilning
    - Hegðunarvanda (oft lagast hann ef að hitt þrennt er skoðað fyrst)

Markmið teymisins eru:

- meta þarfir nemenda með hliðsjón af upplýsingum um þá
- leita viðeigandi lausna
- veita starfsfólki stuðning og ráðgjöf

Nemendarverndarráð

Við skólann starfar nemendaverndarráð. Í reglugerð 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemenda og nemendaverndarráð í grunnskólum segir að skólastjóri grunnskóla samræmi innan hvers grunnskóla og leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs skv. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Jafnframt skal skólastjóri stuðla að

samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eða nemendahópa eftir því sem þurfa þykir.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri, skólasálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri sérkennslu. Aðrir aðilar eru kallaðir inn eftir þörfum. Ráðið fer yfir og metur umsóknir um stoðþjónustu og kemur erindum í farveg sem leiðir til lausna. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa. Fundað er að jafnaði á mánaðarfresti þegar skólasálfræðingur kemur til vinnu. Ábyrgðaraðili er skólastjóri.

SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA við börn

Meginmarkmið með sérkennslu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, bæði andlegum og líkamlegum. Leitast er við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluaðferðum. Hún er skipulögð í lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Sérkennsla einstakra nemenda eða hópa fer fram innan eða utan almennra bekkjardeilda.

Gerðar eru námsáætlanir fyrir alla nemendur sem eru með greindan námsvanda. Áætlanirnar eru gerðar í upphafi skólaárs. Kennarar sem annast sérkennslu bera ábyrgð á gerð námsáætlana í samráði við umsjónarkennara og ræða þær við foreldra í fyrra foreldraviðtali vetrarins.

Einstaklingsnámskrá er námsáætlun fyrir einstakling þar sem markmiðin eru fyrst og fremst sniðin að þörfum hans en taka þó mið af markmiðum árgangsins. Einstaklingsnámskrá getur falið í sér námsáætlun í mörgum námsgreinum fyrir sama einstakling eða einungis áætlun í einni grein. Þegar um mikil frávik frá skólanámskrá er að ræða koma sérkennari, umsjónarkennari og foreldrar að gerð slíkra áætlana í upphafi hvers skólaárs. Sérkennari sér um að útfæra áætlunina og bera hana undir samþykki foreldra. Þá eru haldnir fundir reglulega þar sem farið er yfir gang mála í námi og líðan nemandans og gerðar tillögur að áherslubreytingum.

Í vetur verður lögð áhersla á að skilgreina vel starf deildarstjóra stoðþjónustu og útbúa handbók um ferli mála á fyrsta stigi inni í skólanum. Lögð verður áhersla á góða skráningu og utanumhald um grunnfænri nemenda í samræmi við námsmatsstefnu og með það að leiðarljósi að geta gripið fljótt inn í ef grunnfærni nemenda er ábótavant.

Sálfræðiþjónusta

Skólasálfræðingur Auðarskóla kemur reglulega til starfa í skólanum. Mál er varða þroska og hegðun heyra undir hans sérfræði. Sálfræðiþjónusta (greining og ráðgjöf) gagnvart einstökum nemendum er gerð í kjölfar beiðni, sem þarf að gera á þar til gerðu eyðublaði sem fæst í skólanum. Forráðamenn barna, starfsmenn leik- og grunnskóla, félagsþjónustu og heilsugæslu geta átt frumkvæði að athugun

og greiningu á einstökum nemendum. Beiðnir fara í gegnum deildarstjóra leikskóla og/eða stjórnendur skólans.

Gert er ráð fyrir að skólasálfræðingur komi í 8-10 heimsóknir í vetur.

Talmeinafræðingur

Mál er varða málþroska og framburð eru hluti stoðþjónustu. Foreldrar eða skóli leggja inn beiðni til verkefnastjóra sérkennara um þjónustu á greiningu talmeina. Beiðnir fara í gegnum deildarstjóra leikskóla og/eða stjórnendur skólans. Í þeim tilfellum þegar nemandi þarfnast talþjálfunar eru foreldrar upplýstir um talmeinafræðing og er foreldrum bent á þátttöku Sjúkratrygginga Íslands í kostnaði vegna slíkrar þjálfunar. Fyrirtækið hefur verið í samvinnu við skólann þegar kemur að talþjálfun og er boðið upp á fjarþjálfun.

Greiningar á námsörðugleikum

Verkefnastjóri sérkennslu ásamt sálfræðingi sinna sérkennsluráðgjöf og greina námsvanda auk þess að veita ráðgjöf til skóla og heimilis varðandi nám og kennslu. Beiðnir um greiningu fara í gegnum umsjónarkennara og sérkennara skólans. Sérkennari sinnir fyrstu lestrar- og stærðfræðigreiningum í skólanum.

Lausnaleit

Frá árinu 2016 hefur verið unnið með verkefnið „Lausnaleit“ í Auðarskóla. Þar er unnið með einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir byggðar á virknimati sem er lausnamiðað ferli til að takast á við fjölþættan vanda, þ.e. náms- og hegðunarlegum hjá nemendum. Þessi vinna byggir á atferlisgreiningu. Námskeið var haldið í október 2023 til að kenna nýjum starfsmönnum markmið og tilgang lausnaleitar, virknimats sem og verkferla og skerpa á þessu verkfæri fyrir aðra starfsmenn. Lausnaleit er hluti stoðþjónustu og er einn margra annarra úrræða sem lausnateymi geta nýtt sér til að styðja við áskoranir nemenda.

MAT Á SKÓLASTARFI OG SKÓLAÞRÓUN

Innra mat á starfsemi skólanna er í höndum gæðaráðs. Ráðið sér til þess að gæði séu tryggð í skólastarfinu og að markmiðum menntayfirvalda og sveitarfélagsins sé mætt og eru mælanleg í starfi skólanna. Unnið er eftir ákveðnum gæðastöðlum sem eru leiðarljós teymisins.

Helsta gagnaöflun skólans í innra mati eru viðhorfskannanir sem ná til allra hagsmunaaðila er tengjast starfsemi skólans. Á hverjum vetri eru lagðar spurningakannanir fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur samkvæmt matsáætlun. Auðarskóli er formlegur þátttakandi í Skólapúlsinum. Skólapúlsinn er sjálfsmatskerfi sem skólar nota til að bæta skólastarf sitt og þróa í átt að betri gæðum. Skólapúlsinn hefur þróað og hannað samræmda spurningalista eða spurningakannanir frá árinu 2008 og er Auðarskóli nú hluti þess. Sjálfsmatskerfi Skólapúlsins er formlegt matstæki og veitir stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er um ýmsa þætti skólastarfsins.

Í gegnum þátttöku í Skólapúlsinum fær skólinn gögn til að skilgreina einstaka þætti starfsins og vinna að áframhaldandi þróun með endurmati. Einn af kostum Skólapúlsins er m.a. að hægt verður að bera skólastarf Auðarskóla saman við aðra skóla í landinu. Val á spurningakvörðum tekur mið af íslenskum aðstæðum og er þar m.a. byggt á nýjum upplýsingum sem fengist hafa með PISA rannsóknunum á Íslandi. Einnig verða aðrar kannanir sendar út frá skólanum sjálfum en þær koma þá til með að einblína á afmarkaða þætti skólastarfsins.

Gæðaráð/skólaráð

Gæða-/skólaráð Auðarskóla var stofnað í upphafi skólaárs 2024-2025. Hlutverk þess er að halda utan um innra mat og verkefni skólaráðs í skólanum. Markmið með innra mati er að leggja raunhæft mat á skólastarfið með því að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Gæðaráði er ætlað að meta markmið og leiðir skólastarfsins reglulega. Matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar. Gæðaráð vinnur eftir gæðaviðmiðum menntastefnunnar og sinnir innra mati með reglubundnum hætti til að tryggja stöðuga umbótavinnu.

Í lok hvers skólaárs leggur gæðaráð fram skýrslu um innra mat skólans.

5. nóvember kl. 14.00 fimmtudagur	• Hlutverk skólaráðs sem er jafnframt gæðaráð • Námsvísar og kennsluáætlanir, kynning • Fundaáætlun vetrarins - áætlun um innra mat. • Langtímaáætlun um innra mat • Innlit í kennslustundir • Kannanir vetrarins • Umbætur í kjölfar ytra mats • Skólaþing og nemendaþing - ákveða tíma og áherslur. • Jafnréttisáætlun borin undir skólaráð. • Áhersla vetrarins á samstarf við samfélagið • Starfsáætlun skólans í vetur, stutt kynning.

	• Önnur mál
25. febrúar kl. 14.00 fimmtudagur **Opinn fundur**	• Námsmatsstefna og breytingar á námsmati við útskrift • Kynna endurskoðaða skólanámskrá • Endurskoðuð starfsþróunaráætlun • Innlit í kennslustundir • Endurskoðun áætlana - Yfirferð og staða • Mat á umbótaáætlun frá hausti 2026 • Skólaráð fjallar um skóladagatal • Menntastefna Dalabyggðar, staða á innleiðingu. • Önnur mál
29. apríl kl. 14.00 fimmtudagur	• Innra mat skýrsla • Foreldrakönnun • Starfsmannahandbók • Umbótaáætlun næsta vetrar • Staða umbóta, bréf til barna- og menntamálaráðuneytis • Önnur mál

Allar skýrslur um innra mat er að finna á heimsíðu Auðarskóla sjá **hér.**

Öryggismál og heilsa

Heilsugæsla

Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd og hluti af heilsugæslunni. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Skólahjúkrunarfræðingur vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál. Skólahjúkrunarfræðingur Auðarskóla er Þórunn Björk Einarsdóttir. Netfang: thorunn.einarsdottir@hve.is

Reglubundnar skoðanir og bólusetningar

Heilsufarsskoðanir fara fram í 1., 4., 7. og 9. bekk. Skoðunin felur í sér sjónpróf, hæðar- og þyngdarmælingu auk fræðslu og viðtals um lífsstíl og líðan. Bólusetningar eru í 7. og 9. bekk.

- 7. b.: Mislingar, rauðir hundar og hettusótt (ein sprauta) og HPV gegn leghálskrabbameini hjá stelpum (2 sprautur á 6 mánuðum).
- 9. b.: Mænusótt, barnaveiki, stífkrampi og kíghósti (ein sprauta).

Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til. Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusett þá eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólaheilsugæsluna.

Dagsetningar komudaga skólahjúkrunarfræðings í skólann eru bókaðir í samráði við stjórnendur. Foreldrar fá alltaf tilkynningu áður en skólahjúkrunarfræðingur hittir börnin.

Skólahjúkrunarfræðingur sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu í öllum bekkjum skólans. Aðaláherslan er á 6H heilsunnar en hugmyndafræðin byggir á því að hugsa vel um heilsuna og fyrirbyggja þannig sjúkdóma. 6H heilsunnar eru: Hreyfing, hvíld, hamingja, hreinlæti, hugrekki og hollusta. Skólahjúkrunarfræðingur sinnir einnig kynfræðslu í efri bekkjum skólans þar sem farið er yfir kynþroskann, kynheilbrigði, kynsjúkdóma, getnaðarvarnir o.fl. Börn og foreldrar geta leitað eftir ráðgjöf og stuðningi skólahjúkrunarfræðings hvenær sem þurfa þykir yfir skólaárið.

Tryggingar nemenda

Allir nemendur skólans eru slysatryggðir á vegum sveitarfélagsins, en persónulegir munir nemenda eru ekki tryggðir. Slysatryggingin gildir á venjulegum skólatíma og á þeim starfstíma sem ákvarðaður er af stjórnendum skólans. Tryggingin tekur til þeirra nemenda sem verða fyrir slysi í eða við skólann og á ferðum milli heimilis og skóla. Jafnframt gildir tryggingin á ferðalögum á vegum skólans, hvert sem farið er og í hvaða tilgangi sem er. Það sem felst í vátryggingunni er slysatrygging nemenda sem verða fyrir slysi eða dauða af völdum slyss, hvernig svo sem slysið ber að, hver svo sem á sök á því og hvort sem slysið verður við nám eða í leik. Frekari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu VÍS.

Hjólreiðar og önnur farartæki

Af öryggisástæðum er mælst til þess að nemendur komi ekki á hjólum í skólann nema veður og færð leyfi. Hverskonar hjól; reiðhjól, bifhjól nemenda eru alfarið á ábyrgð nemenda og foreldra/forsjáraðila. Skemmdir á hjólum eru ekki bættar. Hjólreiðar á skólalóðum eru ekki leyfilegar, sem og notkun hlaupahjóla, hjólabretta, rafhjóla, hjólaskauta og línuskauta, nema annað sé ákveðið.

Slys

Í skólanum er veitt fyrsta hjálp og minniháttar óhöppum er sinnt. Mikilvægt er að öll slys og óhöpp séu skráð á sérstakt slysaskráningarblað sem má nálgast hjá ritara. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð er ávallt hringt í foreldra og þeir upplýstir um stöðuna. Grunnreglan er sú að foreldrar fylgi barni á heilsugæslu. Ef starfsmaður fylgir nemanda á heilsugæslustöð fer það eftir aðstæðum og fjarlægð heimilis frá skóla hvort og hvenær foreldri getur tekið við barni.

Mikilvægt er að skólinn hafi öll símanúmer sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins sem og upplýsingar um næstu aðstandendur. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt í skólanum.

Ef barn er greint með alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu/lífi þess í bráða hættu er nauðsynlegt að allir starfsmenn skólans og skólahjúkrunarfræðingur viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

Lyfjagjafir

Þurfi börn að taka lyf á skólatíma er foreldrum bent á að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing og kynna sér tilmæli Landlæknis um lyfjagjafir í skólum.

Lús

Lúsin kíkir einstaka sinnum í heimsókn yfir skólaárið. Það er því mikilvægt að foreldrar kembi hár barna sinna þegar upp kemur lús og fari eftir leiðbeiningum . Sjá fræðslu og leiðbeiningar á

heilsuvera.is Lús, njálgur og kláðamaur eru skráningarskyldir sjúkdómar og ber heilbrigðisstarfsfólki að skrá þá ef þeir staðfesta smit eða fá öruggar upplýsingar á smiti frá forráðamanni.

Njálgur

Njálgur kíkir líka einstaka sinnum í heimsókn. Það er mikilvægt að foreldrar fari eftir leiðbeiningum ef grunur vaknar um njálg, sjá á heilsuvera.is

Foreldrasamstarf

Miðlun upplýsinga til foreldra

Mikil samskipti fara fram á milli foreldra og skóla með rafrænum hætti. Mentor er helsta upplýsingaveita skólans til foreldra, sem og regluleg tölvupóstssamskipti. Upplýsingar fara til foreldra með tölvupósti og/eða símtölum. Vikulokabréf eru send af umsjónarkennurum í lok hverrar viku af starfi hvers grunnskólastigs. Ástundun er send út aðra hverja viku til foreldra. Fréttir, viðburðir og tilkynningar eru einnig birtar á vef skólans og foreldrar hvattir til að fylgjast vel með

Foreldrafundir og Foreldrasamtöl

Í september fara fram foreldrafundir. Hvert stig heldur sinn fund þar sem foreldrar koma saman með deildarstjóra eða umsjónarkennara og fara yfir áætlanir vetrarins og fl. sem lítur að skólastarfinu. Á þessum fundum eru bekkjatenglar foreldrafélagsins kosnir. Foreldrasamtöl eru tvisvar sinnum yfir skólaárið. Foreldrar barna grunnskólans koma með börnum sínum til samtals hjá umsjónarkennara og fara yfir námsframvindu nemenda. Foreldrasamtöl grunn- og leikskóla verða samkeyrð á sama degi þ.e.a.s. Gert er ráð fyrir að í tónlistarskólanum fari fram a.m.k. eitt foreldrasamtal á hverju skólaári fyrir hvern nemanda. Foreldrafundir haldnir annars eftir þörfum.

Foreldrafélagið

Í Auðarskóla er sameiginlegt foreldrafélag fyrir leik- og grunnskóla. Hlutverk félagsins er að styðja skólastarfið og efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun og velferð nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Aðalfundur félagsins er haldinn að vori ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Upplýsingar um fulltrúa, starfsáætlun og fundargerðir foreldrafélagsins verður að finna á heimasíðu skólans, sjá **hér.**

Kosning formanns; Inga Heiða Halldórsdóttir, hefur boðið sig fram að vera formaður foreldrafélagsins, hún býður sig fram í 1 ár þar sem sonur hennar verður í 10. Bekk á næsta ári og hún er aðeins gjaldgeng í 1 ár (til 1. ár) - Samþykkt Kosning stjórnar; Sigríður Fjóla Mikaelsdóttir er ritari félagsins (1 ár) Ragnheiður Pálsdóttir hefur boðið sig fram að vera gjaldkeri félagsins (2 ár). Meðstjórnendur: Arndís Anna Jakobsdóttir (2 ár) Dagný Mikaelsdóttir (2 ár) Varstjórn Anna Pálína Jónsdóttir (1 ár) Lína Þóra Friðbertsdóttir (1 ár) Skoðunarmenn ársreikninga: Guðmundur Líndal (1 ár) Vilhjálmur Arnórsson (1 ár)

Stjórn foreldrafélags Auðarskóla skólaárið 2026-2027

Sigríður Fjóla Mikaelsdóttir formaður til tveggja ára

Anna Pálína Jónsdóttir til tveggja ára

Sigurður Bjarni Gilbertsson til tveggja ára

Ragnheiður Pálsdóttir, gjaldkeri- eitt ár eftir

Dagný Mikaelsdóttir, ritari- eitt ár eftir

Varamenn 2026-2027
Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir (1 ár)

Sigurdís Elísa Sigursteinsdóttir (1 ár)

Skoðunarmenn ársreikning:

Guðmundur Líndal (1 ár)
Vilhjálmur Arnórsson (1 ár)

Kátidalur Frístund

Dvöl í KÁTADAL er í boði fyrir nemendur á yngsta stigi, í 1.- 4. bekk, eftir að skóla lýkur. Dvölin er valkostur sem foreldrar/forráðamenn geta sótt um og greiða sérstaklega fyrir.

Í júní, að loknu skólaári, er umsóknarform sent út fyrir næsta ár og aftur í ágústmánuði. Umsóknareyðublað er rafrænt og er sent á alla foreldra nemenda 1.- 4. bekkja í gegnum Mentor kerfi skólans.

Hægt er að óska eftir vistun í KÁTADAL hvenær sem er skólaárs og er þá rafrænt umsóknarferli sent til foreldra/forráðamanna í tölvupósti. Vegna óskar um umsóknarform miðjum vetri þarf ávallt að hafa samband við ritara skólans; ritari@audarskoli.is eða hringja í aðalnúmer skólans: 430 4757 á skrifstofutíma skólans.

Aðeins er hægt að skrá nemendur í KÁTADAL annaðhvort í fjóra eða fimm daga vikunnar.

Dvöl í KÁTADAL er í boði á mánudögum frá kl. 14.10, á þriðjudögum til fimmtudaga frá kl. 15:00 og frá kl. 12:10 á föstudögum.

Hægt er að velja um tvo brottfarartíma: Kl. 16:00 og 16:30 á mánudögum til fimmtudaga. Á föstudögum lokar KÁTIDALUR kl. 14:00.

Vistunargjöld eða matargjöld ekki endurgreidd vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari samfellt í viku eða lengur. Leggja þarf inn veikindavottorð fyrir nemanda því til staðfestu.

Innheimt verður fyrir mánuð í senn og sér skrifstofa Dalabyggðar um innheimtu.

Starfstími KÁTADALS miðast við skóladagatal grunnskólans hverju sinni.

KÁTIDALUR er starfandi eftirfarandi daga:

- Danssýningardaginn - Er ávallt á föstudegi - dvöl til kl.14:00
- Síðasta dag fyrir jólafrí grunnskólans
- Föstudag fyrir páskafrí - dvöl til kl.14:00
- Öskudag
- Árshátíðardag - dvöl til kl.16:15
- Skólaferðalagsdag yngsta stigs
- Vorhátíð - Skólaslit - dvöl til kl.16:15

KÁTIDALUR starfar **ekki** eftirfarandi daga:

- Skólasetningardag
- Skipulagsdaga
- Foreldrasamtalsdaga
- Vetrarfrísdaga

Dvöl í KÁTADAL fylgir kaffitími daglega og hádegismatur á föstudögum.
Staðsetning KÁTADALS er í Fjallasal leikskólans.

Umsjónarmaður KÁTADALS er Marina Aleksandersdóttir (sími: 866 4064.)

Mikilvægt er að láta ritara skólans eða umsjónarmann KÁTADALS vita ef barn sækir ekki KÁTADAL þann dag eða daga sem það er skráð í dvöl og skal þá hringt í aðalanúmer skólans 430 4757 eða síma umsjónarmanns.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Óskilamunir

Skólaliði og ritari hafa umsjón með óskilamunum. Foreldrar og nemendur geta leitað til þeirra ef eitthvað hefur tapast. Á foreldrasamtalsdögum eru óskilamunir lagðir fram og foreldrar hvattir til að athuga hvort börn þeirra eigi eitthvað af þeim. Að vori þegar skóla lýkur eru óskilamunir gefnir til hjálparstarfs ef ekki hefur tekist að koma þeim á í hendur eigenda.

Myndbirtingar

Myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi. Leiðbeiningar og fræðsla sem má nálgast hér eiga við um hvers kyns myndatökur/myndbandstökur (hér eftir myndatökur) og myndbirtingar af börnum í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveitum og í öðru starfi skóla- og frístundasviðs. Hver og einn starfsstaður er ábyrgðaraðili vegna persónuupplýsinga sem þar eru unnar.

Mötuneyti

Vínlandssetur ehf. rekur skólamötuneytið. Mötuneyti grunnskóladeildar er í Dalabúð og þangað fara nemendur og starfsmenn til að matast. Matmálstímar í grunnskóla eru eftirfarandi tímum: Morgunmatur milli 9:50- 10:10 og hádegismatur milli kl. 12:10 og 12:50. Mælst er til þess að hálfu skólans að allir grunnskólanemendur séu í morgunmat og hádegismat. Þeir nemendur sem kjósa að koma með nesti að heiman borða það í mötuneytinu.

Leikskóli: Í leikskólanum er morgunmatur kl. 08.00, hádegismatur kl. 11.15 í síðasta lagi og síðdegishressing kl. 14.20. Matast er inni á deildum skólans. Hádegismaturinn kemur frá skólamötuneytinu.

Matseðlar birtast mánaðarlega inni á heimasíðu skólans ásamt fyrirkomulagi matartíma sem sjá má **hér.**

Skólaakstur

Skólabílaleiðir í Dalabyggð eru alls sjö. Ekið er samkvæmt skóladagatali grunnskólans.

Á heimasíðu skólans eru nánari upplýsingar um skólaakstur Auðarskóla, sjá **hér.** Skólabílstjórar og foreldrar fá handbók skólaaksturs í upphafi hvers skólaárs. Nánar má lesa um reglur skólaaksturs í Dalabyggð **hér.**

Veikindi og leyfi nemenda

Verum ávallt stundvís. Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á skólasókn nemenda og skulu tilkynna leyfi og veikindi eins fljótt og auðið er til ritara skólans. Auðarskóli vinnur eftir sérstökum skólasóknarreglum sem öllum ber að kynna sér. Sjá nánar á heimasíðu skólans hér.

- Við mætum á réttum tíma í kennslustund skv. stundatöflu

- Tilkynna þarf forföll/veikindi fyrir klukkan 8:30 til ritara og/eða umsjónarkennara í síma eða tölvupósti.
- Ef leyfi er lengra en 2 dagar skal sækja um það sérstaklega með eyðublaði hjá ritara eða á heimasíðu skólans. Sjá hér.
- Foreldrar/forráðamenn skulu láta skólann vita ef nemandi á að fara fyrr úr skólanum t.d til læknis eða annað.
- Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að nemendur vinni upp það nám sem þeir verða af í leyfum.

Námsbækur og námsgögn

Flestar bækur og önnur námsgögn sem nemendur fá í hendur í skólanum eru eign skólans og eiga nemendur að skila þeim aftur að lokinni notkun. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með því að farið sé vel með þær og þeim skilað í svipuðu ástandi og þær voru í lánaðar frá skólanum. Nemendur bera ábyrgð á námsbókum eða öðrum námsgögnum sem þeir fá í skólanum. Týnist eða eyðileggist námsgagn, sem er í vörslu nemanda, getur hann þurft að bæta skaðann.

Nemendur fá námsgögn s.s. ritföng, stílabækur, reikningsbækur, möppur, hjálpartæki í stærðfræði o.fl. til afnota í skólanum sér að kostnaðarlausu.

Nemendur hafa aðgang að tölvum og spjaldtölvum í skólanum til að vinna verkefni. Þeim ber að ganga vel um tækin og skila þeim í sama ástandi og þeir tóku við þeim. Skila þarf tölvu í tölvuskápa og/eða til ritara að notkun lokinni.

Gæsla

Gæsla til skólaloka er úrræði fyrir nemendur á yngsta stigi sem eru með færri kennslustundir en 37 á viku og fyrir nemendur á yngsta og miðstigi sem þurfa að bíða eftir skólabíl eftir að kennslu þeirra lýkur. Gæslan, sem er gjaldfrjáls, er fyrir öll börn í 1. - 4. bekk á skólasvæði Auðarskóla og einnig fyrir börn í 5. - 7. bekk sem eru í skólaakstri. Börn á miðstigi sem búa í Búðardal eiga að fara heim þegar skóladegi þeirra lýkur. Um er að ræða gæslu í allt frá 240 mínútum á viku hjá yngsta stigi niður í 40 mínútur hjá miðstigi. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar grunnskólans annast gæsluna og er afar mikilvægt að láta starfsfólk vita ef nemandi er ekki í gæslu tiltekna daga. Hringja skal í aðalnúmer skólans 430-4757.

Frímínútur

Frímínútur eru kl 9:50-10:10 þá er í boði morgunmatur og allir nemendur fara út í Dalabúð til að borða og eiga svo frjálsa stund úti á skólalóð þar til bjallan hringir inn. Allir nemendur eru úti í hádegishléi. Hádegismatur er í boði í Dalabúð frá 12:10-12:30 og eftir það eiga allir nemendur að vera úti á skólalóð þar til bjallan hringir inn kl 12:50. Foreldrum/forsjáraðilum ber að hafa samband við umsjónarkennara þurfi nemandi einhverra hluta vegna að vera inni í frímínútum. Nauðsynlegt er að börn séu klædd til útiveru. Óheimilt er að fara út af skólalóð í frímínútum og í hádegishléi. Á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum er skóladagurinn lengri og þá eru aðrar frímínútur kl 13:30- 13:40, þar mega nemendur í 7.-10. bekk vera inni kjósi þeir þar.

Tölvupóstur

Lögð er áhersla á að kennarar fái vinnufrið í kennslustundum. Kennarar opna því ekki tölvupóst né svara síma/farsíma á meðan á kennslustund stendur. Foreldrar/forráðamenn geta ekki treyst því að kennari nái að svara tölvupósti samdægurs en svar á að berast innan tveggja vinnudaga. Tölvupóstar eru eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál. Aldrei ætti að nota tölvupósta til að ræða viðkvæm, persónuleg mál. Ef erindi foreldra/forráðmanna er brýnt er hægt að leggja fyrir skilaboð á skrifstofu skólans og kennari hringir til baka við fyrsta tækifæri. Hver og einn kennari ákveður sjálfur hvort hann tekur á móti vinnupósti í farsíma sinn eða ekki.

Facebook og aðrir samskiptamiðlar

Innan skólans gilda samræmdar siðareglur um samskipti starfsmanna við foreldra á samfélagsmiðlum. Við notum ekki samfélagsmiðla til að eiga í samskiptum við foreldra né nemendur varðandi nám og skólagöngu. Ef foreldrar senda á starfsfólk, vinsamlegast biðja um að samskiptin fari fram á viðeigandi vettvangi ss. vinnutölvupóstur eða símtal á skólatíma.

Heimsókn foreldra/forráðamanna í skólastofur

Hvatt er til með ýmsum hætti að foreldrar/forráðamenn kynnist daglegu starfi barna sinna í skólanum en heimsóknir í skólastofur skulu alltaf vera í samráði og með samþykki viðkomandi kennara með góðum fyrirvara.

STEFNUR OG ÁÆTLANIR

Áætlanir skólans eru lifandi skjöl sem eru yfirfarin árlega og endurskoðuð markvisst á 2 - 3 ára fresti eða þegar gögn og aðstæður kalla á breytingar

Á heimasíðu skólans má lesa um stefnur og áætlanir hér

STARFSÁÆTLUN Tónlistardeildar Auðarskóla

Áherslur 2026-2027

- Skólanámskrá
- Námsmat-Þróun námsmats
- Heimanám tónlistarnemenda
- Upplýsingaflæði til nemenda og foreldra
- Samstarf við leik- og grunnskóla

Skóladagatal tónlistarskólans

Skóladagatal tónlistarskólans fylgir dagatali grunnskólans. Frídagar og skipulagsdagar tónlistarskólans eru nánast hinir sömu og í starfi tónlistarskólans. Tónleikar tónlistaskólans má sjá á skóladagatali.

Dagatal grunnskólans er **hér.**

Meginmarkmið

Meginmarkmið fyrir tónlistarnámi skiptast í þrjá flokka: Uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið. Uppeldisleg markmið stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun. Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda. Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttari mennta- og menningarstarfsemi.

Markmið tónlistardeilar Auðarskóla:

· Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar.

· Búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur

· Stuðla að auknu tónlistarlífi

· Að samþætta tónlistarstarfssemi tónlistardeildar, leikskóla og grunnskóla

· Nota og þróa samþætt kennsluefni í tónlistarforskóla, tónmenntakennslu og hljóðfæranámi.

Námsfyrirkomulag

Kennsla í tónlistarskólanum fer að mestu fram á skólatíma. Miðað er við að nemendur sem koma með skólabílum stundi tónlistarnám sitt á skólatíma í grunnskólanum, það er frá því að skólabílar koma kl. 8.30 og þar til skólabílar fara kl. 15.10. Nemendur sem eru búsettir í Búðardal geta verið í tímum utan starfstíma skóla en aldrei lengur til klukkan 17.00. Til þess að svo megi verða eru nemendur að jafnaði teknir úr kennslustundum í grunnskólanum en einnig eru notaðar gæslustundir hjá yngstu nemendum.

Kennsla í vetur fer að mikluleyti fram í hópkennslu þar sem aðeins einn tónlistarkennari er við störf þennan veturinn.:

Verklagsreglur

Á heimasíðu skólans má sjá verklagsreglur fyrir nemendur og starfmenn tónlistarskólans https://audarskoli.dalir.is/tonskoli/verklagsreglur/